



Alþingi
Erindi nr. P 133/1418
komudagur 5. 3/133/1

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
bt. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2007.

Tilv.: 0702005

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, 11. mál.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. febrúar 2007, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, 11. mál, mat á lögmati samruna. Í frumvarpinu er lagt til að viðmiðunarmörkum við tilkynningaskyldu samruna verði breytt þannig að sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja þurfi að vera 4 ma.kr. í stað 1 ma.kr. og að a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eigi að samruna þurfi að hafa a.m.k. 300 m.kr. ársveltu hvert um sig, í stað 50 m.kr. samkvæmt núgildandi lögum.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að reynsla úr starfi þess gefi ekki tilefni til breytinga á framangreindum ákvæðum. Í því sambandi vill Samkeppniseftirlitið taka fram eftirfarandi:

Viðmiðunarmörk fyrir tilkynningaskyldu samruna fela í sér svokallaða minniháttarreglu. Í því felst að löggjafinn gefur sér fyrirfram þá forsendu að það hafi almennt enga þýðingu með tilliti til markmiða samkeppnislaga að taka til skoðunar samruna sem ekki uppfylla veltumörkin.

Með hliðsjón af framangreindu verða umrædd viðmiðunarmörk fyrst og fremst að byggja á faglegu mati á stöðu samkeppnismarkaða í hverju landi. Veigamikil rök hníga að því að hafa lág veltumörk í samkeppnisumhverfi þar sem fákeppni og jafnvel tvíkeppni er algeng. Sú er raunin hér á landi. Notkun HHI-stuðulsins (Herfindhal Hirschman Index) við íslenskar aðstæður leiðir þetta skýrt í ljós, en samkvæmt viðurkenndri beitingu á stuðlinum er markaður þar sem HHI stuðullinn er meira en 1800-2000 stig talinn vera mjög samanþjappaður.¹ Nær allir helstu samkeppnismarkaðir á Íslandi eru yfir þessum mörkum, í mörgum tilvikum langt yfir. Þegar af þessari ástæðu felur einhæfur samanburður við veltumörk nágrannaríkja eða þróun til aukinna umsvifa viðskiptalífsins hér á landi ekki í sér nægilega traustan grundvöll til breytinga á umræddum ákvæðum.

Samkeppnishamlandi samrunar rýra lífskjör almennings og draga úr samkeppnishæfni atvinnulífsins. Núgildandi samrunaákvæði samkeppnislaga var

¹ HHI-stuðullinn er beitt í samkeppnismálum hér á landi, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 6/2006.



tekið upp í lög in með lögum nr. 107/2000. Tilgangur löggjafans með setningu laga nr. 107/2000 var að vinna gegn frekari myndun fákeppnismarkaða hér á landi og í því skyni voru samrunaákvæði samkeppnislaga styrkt. Að mati Samkeppniseftirlitsins er frumvarp það sem hér er til umfjöllunar ekki í samræmi við þá stefnumörkun, heldur fæli það í sér að fyrirtækjum yrði gert kleift að eyða eða raska með samruna samkeppni á mikilvægum mörkuðum. Ekki verður fram hjá því horft að fyrirtæki á fjölmörgum mikilvægum mörkuðum íslensks atvinnulífs eru með tiltölulega lága veltu í almennum skilningi, en eru engu að síður mikilvæg fyrir hagsmuni atvinnulífs og neytenda. Nefna má í þessu sambandi sem dæmi ýmsa undirmarkaði matvörumarkaðar, bifreiðaskoðunarmarkað o.fl. Rétt er að benda á að í samkeppnisrétti er einnig oft um landshlutabundna markaði að ræða, svo sem í lyfsölu eða matvöru.


Hafa ber í huga að hagsmunir atvinnulífsins eru einnig miklir af því að mikilvægir samkeppnismarkaðir lúti sömu lögmálum gagnvart samkeppnislögunum. Hækkun viðmiðunarmarka vegna tilkynningaskyldu kynnu að leiða til þess að einn samruni kæmi til skoðunar og íhlutunar Samkeppniseftirlitsins en annar ekki, þótt sá samruni sem ekki sætti íhlutun hefði svipuð eða meiri skaðleg áhrif. Hagsmunir atvinnulífsins eru einnig miklir af því að fyrirtæki geri sér strax við samruna grein fyrir stöðu sinni gagnvart samkeppnislögunum, svo forðast megi ólögmetta háttsemi í framhaldinu. Tilkynningaskylda samrunaaðila og athugun á grundvelli hennar er liður í þessu.

Samkeppniseftirlitið vekur ennfremur athygli á því að samkvæmt 7. gr. reglna nr. 881/2005, um tilkynningu samruna, er eftirlitinu heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir í viðauka, telji stofnunin eftir atvikum að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun á viðkomandi samruna. Þessi heimild á að koma í veg fyrir að tilkynningaskyldan verði augljóslega of íþyngjandi fyrir samrunaaðila, umfram það sem þörf er á við mat á samruna.

Til viðbótar framangreindu vill Samkeppniseftirlitið benda á að eftirlitið auðveldar fyrirtækjum eins og kostur að tilkynna um samruna. Á heimasíðu eftirlitsins má finna ítarlegar upplýsingar um efni samrunatilkynninga, sbr. reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Samrunaaðilum á að vera í lófa lagið að fylgja þeim leiðbeiningum og uppfylla upplýsingaskyldu sína, þekki þeir á annað borð þann rekstur sem í hlut á.

Með hliðsjón af framangreindu leggst Samkeppniseftirlitið gegn því að frumvarp þetta verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Páll Guðnar Pálsson